

Mál nr. 172/2005

M

og

Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar

**Ágreiningur um réttarstöðu í kjölfar þjófnaðar úr íbúð
þann 15.08. 2005.**

Gögn.

1. Málskot móttakið 21.09. 2005, ásamt fylgiskjölum þ.á m. skýrslu lögreglu.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 30.09. 2005.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 691/2005.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

Farið var inn um glugga í íbúð M, sem var ólæstur á 7. hæð. Vinnupallar voru við húsnæðið. Lögreglan getur þess að “hægt er að komast upp vinnupallana og inn í viðkomandi íbúðir, en vinnupallarnir liggja alveg upp við svalir íbúðanna.” Tilteknum munum var stolið sem getið er í gögnum málsins.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu með vísan til 6. – 7. liða 3. gr. vátryggingarskilmála. Í 6. lið segir að það sé skilyrði greiðsluskyldu að á vettvangi séu greinileg og ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn. Í 7. lið segir að það sé t.d. ekki eðlileg aðgát ef skilið er eftir við ólæsta íbúð mannlausa. Hér sé um hlutlæga ábyrgðartakmörkun að ræða.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Óþarft er að geta umfjöllunar hans.

Álit.

M staðhæfir að verktakar sem voru við vinnu við húsið hafi fært vinnupalla til þann dag sem farið var inn í íbúð hans á 7. hæð. Fram kemur að vinnupallar hafi ekki verið þarna er hann fór til vinnu sinnar og að hann hafi skilið eftir smá rifu. Þessari umfjöllun hefur ekki verið andmælt.

Í 6. lið 3. gr. vátryggingaskilmála segir að það sé skilyrði greiðsluskyldu að á vettvangi séu greinileg og ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn.

Í því máli sem hér er til umræðu hefur ekki verið sýnt fram á að á vettvangi séu greinileg og ótvíræð merki þess að um innbrot hafi verið að ræða. Vegna þessa er greiðsluskylda vátryggingafélagsins ekki fyrir hendi. Svo virðist sem farið hafi verið inn um opinn glugga.

Úrskurðarnefndin hefur í máli þessu einungis fjallað um ágreining um greiðsluskyldu samkvæmt fjölskyldutryggingu M. Málskotið fjallar ekki um hvort viðkomandi verktaki kunni að hafa bakað sér skaðabótaábyrgð.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 25. október 2005

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.